



Leikskólinn Laugasól  
bls. 2

Leikskólinn Iðavöllur  
bls. 3



Vallaskóli  
bls. 4

Sjáländsskóli  
bls. 5



Tækniskólinn  
bls. 6

Kvennaskólinn í Reykjavík  
bls. 7

# Nám til framtíðar

KYNNINGARBLAÐ UM NÝJAR AÐALNÁMSKRÁR



## Aðalnámsskrá leikskóla

Í námsskránni er lögð áhersla á lýðræði og jafnrétti og litið svo á að börnin séu fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans. Þau eiga að fá tækifæri til að koma að lýðræðislegum ákvörðunum sem varða leikskólastarfið sjálft. Leikskólinn er jafnframt mikilvægur vettvangur til að jafna uppeldisaðstæður barna. Lögð er áhersla á að kennarar og stjórnendur í leikskólum fái svigrúm til að þróa leikskólastarfið á faglegan og skapandi hátt. Námssvið leikskólans eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.



## Aðalnámsskrá grunnskóla

Grunnskólinn er eina skólastigið sem nemendum er skylt að sækja í 10 ár, frá 6-16 ára aldurs. Markmið grunnskóla er annars vegar að veita almenna menntun sem stuðlar að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Í grunnskóla er lögð áhersla á jafngildi bóknaðs og list- og verkgreina. Í aðalnámsskránni eru skilgreind átta greinasvið og lykilhæfni og hæfniviðmið sett fyrir 4., 7. og 10. bekk. Einnig er fjallað um kennsluhætti og námsmat og sett matsviðmið við lok grunnskóla.



## Aðalnámsskrá framhaldsskóla

Samkvæmt framhaldsskólalögum er fræðsluskylda til 18 ára aldurs og eiga allir 16-18 ára nemendur sem vilja sækja nám í framhaldsskóla því rétt á skólavist. Ekki er lengur gert ráð fyrir samræmdum námsbrautarlýsingum í námsskrá heldur er þróun námsbrauta í höndum kennara og skólastjórnenda, sem ráðuneytið staðfestir. Í nýrri námsskrá er öllu námi í framhaldsskóla skipað á fjögur hæfniprep sem skarast annars vegar við grunnskólastig og hins vegar við háskólastig. Prepin lýsa stigvaxandi kröfu um þekkingu, leikni og hæfni nemenda í átt til sérhæfingar og aukinnar fagmennsku.





## Nám til framtíðar

Blaði þessu er ætlað að kynna fyrir nemendum, foreldrum og öðrum hagsmunaaðilum **nýjar áherslur í menntun leikskól barna og grunn- og framhaldsskólánemenda**. Blaðið er gefið út af því tilefni að í mars síðastliðnum kom út aðalnámsskrá fyrir greinasvið grunnskóla. Þar með lýkur heildarendurskoðun mennta- og menningarmálaráðuneytis á aðalnámsskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem hófst með setningu nýrra laga fyrir þessi skólastig árið 2008.

Árið 2011 komu út nýjar aðalnámsskrár fyrir öll þrjú skólastigin. Sú staðreynd að þær voru gefnar út samtímis veitti tækifæri til að horfa til framtíðar, breyta áherslum og stuðla að aukinni samfellu milli skólastiga. Með þetta í huga eru fyrstu þrjú kaflarnir sameiginlegir í öllum námsskránum. Kaflarnir kveða m.a. á um áherslu á hæfni nemenda, grunnþætti og mat á skólastarfi.

**Grunnþættirnir eru sex** og varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Þeir eru **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun**. Með þeim er lögð áhersla á starfshætti og skólabrag sem ræktar með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hægir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi í stöðugri þróun.

**Hæfnihugtakið** felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda. **Hæfni** felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Hún gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, víðsýni, sköpunarmát, siðferðisvitund, samskiptahæfni, virkni og skilning einstaklingsins á eigin getu.

**Lykilhæfni** er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að allhliða þroska hans. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð á eigin námi. Menntagildi lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda, búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og efla þá til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur.

Við gerð aðalnámsskrár hefur verið lögð áhersla á að ná breiðri sátt um áherslur og útfærslu og hefur aðalnámsskráin verið vel kynnt fyrir starfsfólki skóla. Það er mikilvægt að allir aðilar skólasamfélagsins og nærsamfélög skólanna og hagsmunaaðilar geri sér grein fyrir áherslum í aðalnámsskrám á öllum skólastigum. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér aðalnámsskrána og taki virkan þátt í menntun eigin barna og styðji þau sem best til menntunar og þroska. Foreldrar eru hvattir til að kynna sér aðalnámsskrárnar sem best.



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, apríl 2013 • Ábyrgðarmaður: Ásta Magnúsdóttir  
Texti: Bergljót Friðriksdóttir • Hönnun: Plánetan • Ljósmyndir: Kristján Maack • Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Forsíðumynd: Anna Eyvör Arnórsdóttir, leikskólanum Skeirgarði, Úlfur Þór Sveinsson, leikskólanum Skógarborg,  
Ódýnþ Póla Gunnarsdóttir, Kársnesskóla, Sigríður Kristjánsdóttir, Andarímur, Varnarskóla,  
Arnún Eyþórsdóttir, Kvinnaskólanum í Reykjavík, Rafn Kumar Bonifacius, Menntaskólanum við Hamrahlíð.

## Umhverfismennt og fjölmennning

Í leikskólanum Laugasól í Reykjavík er lögð áhersla á lýðræði og sjálfbærni.



Helga Alexandersdóttir, leikskólafjórni leikskólans Laugasól: „Börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál læra best með því að nota öll skynfærin og gera hlutina sjálf.“

Leikskólinn Laugasól í Reykjavík varð til við sameiningu tveggja leikskóla, Laugaborgar og Lækjaborgar, árið 2011. Uppeldisstefnur leikskólanna tveggja voru ólíkar og því hefur vinnan við nýja námsskrá fram til þessa að mestu falist í því að samræma mismunandi áherslur, að sögn Helgu Alexandersdóttur, leikskólafjórna Laugasól.

„Á síðasta ári hófst vinna með nýja skólanámsskrá og var á fyrsta fundi unnið með þjóðfundaraðferð,“ segir Helga. „Í ár verður haldið áfram með námsskrána þar sem við horfum enn frekar til útfærslu á grunnþáttum menntunar. Við byrjuðum í fyrra að vinna þróunarverkefni með yngstu börnunum, í samstarfi við þrjú aðra sameinaða leikskóla í Reykjavík. Verkefnið heitir Skína smá stjórnur, en áherslur þess eru að byggja upp gæðastarf með yngstu börnunum.“

### Á grænni grein

Hún segir mikinn metnað vera fyrir hendi í Laugasól á sviði umhverfisverndar. „Við

### Grunnþættir menntunar í aðalnámsskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla



### HÆFNI

- **Hæfnihugtakið** er útskýrt í almennum hluta aðalnámsskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla. Það felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda.
- Þekking er bæði fræðileg og hagnýt. Nemandinn þarf að læra að ræða þekkingu sína og leikni, flokka, bera saman og miðla með fjölbreyttum hætti.
- Leikni er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökrétttri hugsun. Leikni er afleiðing gegnum fjölbreyttar aðferðir og verklag.
- Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.



## Hlustað á börnin

Leitast er við að efla jákvæða sjálfsmynd nemenda leikskólans Íðavallar á Akureyri.

„Það er að mörgu leyti jákvætt að draga saman í hnotskurn þá helstu þætti sem menn telja undirstöðu menntunar,“ segir Arnar Yngvason, deildarstjóri á leikskólanum Íðavelli á Akureyri. „Nýja menntastefnu má þá nota sem stýritæki og grunn að því námi sem fram fer í skólum. Þar með er ekki sagt að allir þessir þættir séu nýir af nálinni.“

Okkur á Íðavelli fannst mikill samhljómur með nýrri aðalnámsskrá og því sem við höfum verið að vinna að síðustu ár. Mér finnst jákvæð sú áhersla sem lögð er á að grunnþættir fléttist inn í allt skólastarf. Það er löng hefð fyrir því í leikskólum að flétta saman námssviðin og kenna í gegnum leik og dagleg störf, það er að draga síður úr eitt námssvið og kenna það eitt og sér.“

### Hnitmiðaðri skólanámsskrá

Hann er spurður út í sex grunnþætti menntunar og innleiðingu þeirra. „Það þurfti í sjálfu sér ekki að gera svo miklar breytingar á því sem við á Íðavelli vorum að gera. Þegar ný aðalnámsskrá kom út var helsta verkefnið að draga saman þau markmið og vinnubrögð sem við höfum mótað hér síðustu árin. Þegar farið var að kafa dýpra í það efni sem til var kom í ljós að flestir þessir þættir voru til staðar. Hér var því komið tækifæri til að gera bæði markmið skýrari og hnykkja á því hvernig við vinnum. Niðurstaðan úr vinnu starfsmanna Íðavallar síðasta árs var grunur að skólanámsskrá sem er bæði

hnitmiðaðri en áður og með mun skýrari framsetningu. Með nýrri aðalnámsskrá er ekki verið að umbylta starfi í skólum sem skoða reglulega starf sitt með gagnrýnum augum heldur að styðja við það. Þær stefnur og þeir straumar sem renna um skólasamfélagið á hverjum tíma móta meðal annars gerð aðalnámsskrár. Þannig verður úr blanda ýmissa þátta sem móta framtíðarsýnina á hverjum tíma. Það er helst að telja að á Íðavelli hafi umræða um jafnrétti ekki verið komin eins langt á veg og umræða um aðra þætti.“

### Hver á sínum forsendum

Arnar bætir við: „Samkvæmt skólanámsskrá Íðavallar snúast verkefnið oftar en ekki um áhugamál barna og starfsmanna og leitast er við að horfa á sterkar hliðar hvers og eins. Þetta atríði fellur afskaplega vel að því sem sagt er í byrjun jafnréttisakflans í aðalnámsskrá um að markmiðið með jafnrétti sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum. Jafnrétti leikur því stórt hlutverk í vinnubrögðum starfsmanna

„HÉR VAR ÞVI KOMIÐ TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA BÆÐI MARKMIÐ SKÝRARI OG HNYKKJA Á ÞVI HVERNIG VIÐ VINNUM.“

skólans að mínu mati; ég tel að sinna megi jafnrétti með því að skoða þarfir einstaklingsins.

Eitt af því sem við leggjum mikla áherslu á er að hlusta á börnin. Ekki einungis í dagsins önn til að sinna þörfum þeirra heldur einnig meðvitað til að komast að því sem vekur áhuga þeirra. Til að finna út það sem þeim finnst skemmtilegt því það er hægt að nota til að kenna þeim. Þannig læra allir á sínum forsendum.“

sem hér störfum í sameinuðum leikskóla ætlum sérstaklega að leggja áherslu á sjálfbærni og lýðræði. Í öðrum skólanum var áður unnið með umhverfismennt og þar var löng hefð fyrir útinámi. Sá skóli var Skóli á grænni grein og flaggaði Grænfána fyrir sameiningu og nú erum við að sækja um fánann aftur fyrir nýjan, sameinaðan leikskóla. Hinn skólinn lagði áherslu á fjölmenningarlegt leikskólastarf. Við leggjum stefnur beggja gömlu leikskólanna til grundvallar við gerð nýrrar skólanámsskrár Laugasól.

Liður í því að geta kallast Skóli á grænni grein er að vinna með sjálfbærni. Áhersla er lögð á endurvinnslu og endurnýtingu; að vinna úr verðlausu efni í skapandi starfi með börnunum, auk flokkunar á sorpi. Í útináminu höfum við nýtt okkur næsta umhverfi leikskólans, t.d. Laugardalinn, Laugarnesfjörðu og reyndar alla borgina með elstu börnunum. Farið hefur verið á söfn og sögustaði í borginni í þeim tilgangi að þau kynnist umhverfi sínu og samfélagi og læri að bera virðingu fyrir því.“

### Íslenska í útikennslu

Leikskólinn hefur að sögn Helgu sótt um styrk í Sprotasjóð til þróunarverkefnis sem nefnist Sjáðu hvað ég fann. Í verkefninu er lögð áhersla á að vinna með



Arnar Yngvason, deildarstjóri á leikskólanum Íðavelli: „Okkur finnst ferðalagið mikilvægara en áfangastaðurinn og leggjum því áherslu á það sem við sjáum og heyrum á leiðinni.“

### Unnið með samskipti

Spurður út í ný hæfniviðmið vísar Arnar í skólanámsskrá leikskólans. „Þar kemur fram að við leggjum áherslu á ferlið frekar en afurðina eða útkomuna. Þetta lýsir vel hugsunarhætti okkar á Íðavelli. Við vinnum mikið með samskipti, bæði barna á milli og svo á milli barna og fullorðinna. Okkur finnst sem sé ferðalagið mikilvægara en áfangastaðurinn og leggjum því áherslu á það sem við sjáum og heyrum á leiðinni.“

Þannig er hægt að uppgötva og læra ýmislegt sem annars hefði farið fram hjá okkur.

Við gefum minni gaum að sérhæfðri færni en leggjum því meiri áherslu á að efla jákvæða sjálfsmynd barna sem við teljum að sé farsælla. Starfsmenn og börn á Íðavelli takast á við verkefnið hver á sínum forsendum, með mismunandi eiginleika að leiðarljósi, og þannig finnur hver og einn sína leið að settu marki.“

„NÝJAR ÁHERSLUR Í AÐALNÁMSKRÁ HVAÐ VARÐAR GRUNN-ÞÆTTI MENNTUNAR KALLA Á ÁKVEÐNA ENDURSKOÐUN OG Í SUMUM TILFELNUM EINHVERJAR BREYTINGAR.“

Íslensku sem annað mál í útikennslu. „Í útinámi felst að unnið er með margskonar könnunarverkefni og sífellda endurtekingu, sem auðveldar barninu að læra nýja tungumálið. Einnig gefast ótal tækifæri í útinámi til að auka orðaforða og hugtök um málefni sem börnin eru að kynna hvernig sinni. Börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál læra best með því að nota öll skynfærin og gera hlutina sjálf, s.s. skoða tré með því að snerta, hlusta, lykta. Þegar barn skoðar tré lærir það t.d. nafnið á trénu, það lyktaf af því, hlustar á laufblöðin syngja, skoðar litinn á trénu, snertir og upplifir tilfinninguna fyrir útliti og jafnvel væntumþykju. Árstiðabundnar breytingar skapa ný sjónarhorn og stuðla að enn frekara námi.“

„Þau hæfniviðmið sem sett eru fram í nýrri aðalnámsskrá eru að stórum hluta samhljóma þeim starfsaðferðum sem við höfum unnið eftir. Nýjar áherslur í aðalnámsskrá hvað varðar grunnþætti menntunar kalla á ákveðna endurskoðun og í sumum tilfellum einhverjar breytingar. Þar sem skólinn er sameinaður hefur vinnan aðallega falist í því að samræma og endurskoða hugmyndafærni og starfsaðferðir og eru þróunarverkefni liður í því.“

### Jákvætt skref

Aðspurð segir Helga hina nýju menntastefnu, sem byggist á sex grunnþáttum menntunar frá leik- til framhaldsskóla,

læsi

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu.

(Aðalnámsskrá leikskóla bls. 43)

lýðræði og mannréttindi


Leikskóla ber að vera vettvangur þar sem allir hlusta hver á annan og skiptast á skoðunum.

(Aðalnámsskrá leikskóla bls. 36)

AÐALNÁMSKRÁ  
LEIKSKÓLA







# List- og verkgreinar skemmtilegar

Viktoria Halldórsdóttir 9. bekk og Hergeir Grímsson 10. bekk Vallaskóla á Selfossi

„Okkur finnst Vallaskóli vera lýðræðislegur á sinn hátt; við skynjum mikilvægi lýðræðis og mannréttinda í skólastarfinu og finnst ekki spurning um að fræða krakka um slíkt.“

Viktoria nefnir að stundum æfi hún rök-ræðu í valáföngum í ensku en þar læri nemendur að standa með skoðunum sínum, um leið og þeir þurfi að virða og gagnrýna skoðanir félaga sinna. Það sé góð fræðsla sem komi óbeint inn á lýðræði og sé skemmtileg þar að auki. Hergeiri finnst hann fá góða fræðslu um lýðræði í samfélagsfræði og kannski einna mest núna þar sem hann sé í þjóðfélagsfræði í 10. bekk.

**Þroskandi verkefni**  
Pau segja kennslu í list- og verkgreinum

vera góða og oftast séu þetta skemmtilegustu tímarnir. „Það er gaman að vinna með eitthvað annað en bara námsbækur, ekki síst að vinna í höndunum og þjálfa hugann um leið,“ segir Viktoria.

Hún bætir við: „List- og verkgreinar eru mikilvægar því þær geta verið áhuga-hvetjandi og þroskandi, alveg eins og hreyfingin sem maður fær í íþróttatímum skiptir máli fyrir svo margt annað í lífinu.“ „Það má passa upp á fjölbreytnina í námsframboði innan list- og verkgreina, t.d. mætti vera meiri tónlistarkennsla í skólanum,“ segir Hergeir.

**Jafnrétti kynjanna**  
Hergeir segir að það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar minnst er á hugtakið jafnrétti sé jafnrétti kvenna og karla. Honum finnst

mikilvægt að gæta að jafnrétti kynjanna og undir það tekur Viktoria. „Það er fjallað um þetta sérstaklega í 10. bekk en það mætti byrja fyrr að fræða nemendur um jafnréttismál, hafa fræðsluna dreifðari,“ segir Hergeir.

Þau telja, þegar grannt sé skoðað, að jafnrétti eigi að vera í fyrsta sæti þegar rætt er um réttindi manna í ýmsum málum. En það sé þó ekki nóg að læra það af lestri eins kafla í námsbók, það þurfi að sjást líka.

Hergeir bendir á sem dæmi að passað sé upp á jafnrétti á íþróttadegi skólans, þ.e. kynjahlutföll í íþróttaliðum séu jöfn á þessum degi. Viktoria tekur undir að það eigi ekki að vera sjálfsagt að annað kynið sé alltaf í meirihluta. Bæði telja þau að góðar fyrirmyndir skipti miklu máli í þessum efnum.

## NÝTT NÁMSMAT ABCD

Í aðalnámskrá grunnskóla eru skilgreind matsviðmið við lok grunnskóla.

Notaður er kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri

hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Vorið 2015 munu allir grunnskólar útskrifa samkvæmt nýju námsmatskerfi. Jafnframt munu samræmdu könnunarprófin í 4., 7. og 10. bekk taka breytingum, bæði með því að taka meira mið af hæfni nemenda og gefa einkunnir í bókstöfum.



Hrafnhildur Sigurðardóttir: „Í þemum er kennarinn ekki með fyrirfram ákveðna hugmynd um hvernig hlutirnir eiga að vera.“

# Sjálfbærni efld með útikennslu

Hrafnhildur Sigurðardóttir, kennari við Sjálandsskóla í Garðabæ, segir mikilvægt að íslenskir grunnskólar stefni í sömu átt.

„Við höfum stefnt að því frá upphafi í Sjálandsskóla að nemendur okkar séu virkir í náminu og kennsluhættir séu fjölbreyttir,“ segir Hrafnhildur Sigurðardóttir, umsjónarkennari í 7. bekk. „Við höfum farið ýmsar leiðir til að ná þessum markmiðum og unnið með margt úr grunnþáttunum sex, bæði í gegnum þemu og útikennslu.“

Ný menntastefna er skref í rétta átt. Margir skólar hafa lagt áherslu á grunnþættina í starfi sínu með einum eða öðrum hætti um nokkurt skeið en aðrir eiga lengra í land. Það er mikilvægt að íslenskir grunnskólar stefni í sömu átt. Með þessari stefnu tel ég að við séum að stuðla að betra skólastarfi þó svo að sambærileg námsmarkmið séu undirbyggjandi. Með nýrri menntastefnu fáum við fjölbreyttara og skemmtilegra skólastarf og umfram allt áhugasamari nemendur.“

nemendur í 10 mínútur í svokölluðum umsjónarkrók. Við sitjum í hring og náum oft góðu spjalli. Við ræðum um framkomu, jákvæðni, stríðni og reglur; í raun allt sem tengist því að vera saman í hópi. Í lok dags hittum við nemendur aftur og höfum þá í gegnum daginn. Í krók æfa nemendur sig í að koma fram, tala fyrir framan hóp og segja sína skoðun. Þau læra einnig að bera virðingu fyrir skoðunum annarra nemenda því þau eru oft ekki sammála um niðurstöðu umræðna.“

á markmið eða hæfniviðmið nemenda, hentar að mínu mati miklu betur. Við höfum verið að vinna með óhefðbundið námsmat, þ.e.a.s. ekki með tölur, og notum nú þriggja bíla kvarða. Hvað segir talan 7 annars í raun og veru? Þú veist í raun ekkert hver er hæfni nemandans eða hvað hann getur gert til þess að öðlast meiri hæfni.

Það er mikilvægt að við áttum okkur á að það tekur tíma að innleiða nýja stefnu og nýja kennsluhætti. Við kennarar þurfum

## „MEÐ NÝRRI MENNTASTEFNU FÁUM VIÐ FJÖLBREYTTARA OG SKEMMTILEGRA SKÓLASTARF OG UMFRAM ALLT ÁHUGA-SAMARI NEMENDUR.“

### Hænur og krabbar

Sjálandsskóla er sjálfbærni efld með útikennslu og áherslu á sörpflökkun. „Þannig hafa list- og verkgreinakenningar verið sérstaklega duglegir við að endurnýta hluti með skapandi hætti. Við leggjum áherslu á að fara sparlega með allan efnivið og skilja vel við landið okkar og umhverfið. Í útikennslunni færum við kennsluna út fyrir vegg skólans. Stundum förum við í ferðir og stundum erum við með fræðsluleiki á skólalóðinni eða í nágrenni skólans.“

Við höfum verið með hænur af og til og höfum aðstöðu hérna í skólanum fyrir þær. Við erum einnig með fiskabúr hjá okkur og nemendur geta farið í fjöruna og veitt krabba og einhver smádyr til að setja í búr. Á haustin erum við dugleg að tína ber og búa til afurðir úr þeim í heimilisfræði.“

Aðspurð segist Hrafnhildur vera hlynnt námsmati við lok grunnskóla. „Námsmat, þar sem ekki er gefið í tölum heldur horft

fyrst og fremst að þora að gera nýja hluti; stundum heppnast þeir vel og stundum ekki. Þegar þeir heppnast ekki vel er mikilvægt að missa ekki kjarkinn og halda áfram. Við ættum að taka við nýrri stefnu með bros á vör og gera skólakerfið okkar skemmtilegra, áhugaverðara og ennþá betra en það er.“



AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

# Rík hefð fyrir verklegu námi

Ný menntastefna fellur vel að hugmyndafræði Vallaskóla á Selfossi að sögn skólustjóra, Guðbjarts Ólasonar.

„Við í Vallaskóla erum stolt af því að rík hefð er fyrir verklegri kennslu úr allri sögu skólans, sem er einmitt í anda hinnar nýju menntastefnu,“ segir Guðbjartur Ólason skólustjóri. „Einnig hefur verið skilningur á því hér að til þess að laða það besta fram hjá nemandanum verður skólinn að leitast við að vekja með honum virðingu fyrir kröfu viðfangsefnisins hverju sinni, því hún ein getur kveikt með honum þann áhuga sem öllu máli skiptir. Þar gildir einu hvort um er að ræða huglæg eða verkleg viðfangsefni – lögmálin eru hin sömu.“

Nýjar áherslur í kennsluháttum birtast að sögn Guðbjarts með ýmsum hætti í Vallaskóla. „Sem dæmi má nefna að bæði á yngsta stigi og miðstigi skólans er í gangi þróunarverkefni sem nefnist Gullin í grenndinni. Í því verkefni eru allir grunnþættirnir sex fléttaðir inn í námið, svo sem læsi á umhverfið, sjálfbærni, mikilvægi þess að nemendur skynji að það eyðist sem af er tekið.“

### Lýðræði og jafnrétti

Hann heldur áfram: „Mín tilfinning við þá innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og þar með innleiðingu nýrrar menntastefnu sem nú stendur yfir er sú að almenn eindrægni ríki meðal starfsfólks skólans um þær áherslur sem þarna eru lagðar. Með þessari nýju stefnu er haldið áfram á þeirri leið sem mörkuð var með

## „ÉG HELD AÐ ÞESSIR NÝJU KVARÐAR EIGI EFTIR AÐ Fylla Það TÓMARÚM SEM SAMRÆMDU PRÓFIN SKILDU EFTIR.“

fyrstu grunnskólalöggjöfinni frá 1974. Í sem stystu máli er lýðræðis- og jafnréttishugsjónin kjarni þessarar stefnu. Um hana ríkir líka viðtæk sátt í samfélaginu og jafnvel má rekja þessa hugsun allt aftur til hugmynda Jóns Sigurðssonar um skólamál.“

Inntur eftir þeim breytingum sem verða á einkunnagjöf, þ.e. námsmati við lok grunnskóla, segir Guðbjartur þær vera mikilvægar. „Námsmat verður alltaf að vera réttmætt og áreiðanlegt. Réttmætt, þ.e. að meta það sem nemandanum hefur verið sett fyrir, og áreiðanlegt, þ.e. að gefa honum og forráðamönnum hans vitnisburð sem hægt er að reida sig á við mat á hæfni hans í viðkomandi efni. Ég held að þessir nýju kvarðar eigi eftir að fylla það tómarúm sem samræmdu prófin skildu eftir.“

Guðbjartur Ólason: „Bæði á yngsta stigi og miðstigi skólans er í gangi þróunarverkefni sem nefnist Gullin í grenndinni.“



samlesinn í hópum og síðan þæla menn í honum og yfirvega hann. Þá fyrst eru menn tilbúnir til að yrða textann nánar og koma honum í framkvæmd í skólastarfinu. Samkvæmt innleiðingaráætlun okkar erum við núna á þessu þælingar- og yfirvegunarstigi. Jafnframt hefur verið skipað teymi sem er stjórnendum til halds og trausts við framkvæmd áætlunarinnar. Í framhaldi þessa verða foreldrar og nemendur kvaddir til skólaláms um þessi efni.“

### Boðað til skólaláms

Aðspurður segir hann innleiðingu grunnþáttanna sex hafa staðið yfir í Vallaskóla allt frá upphafi skólastarfsins í ágúst síðastliðnum. „Verkið er unnið með þeim hætti að texti aðalnámskrárinnar er

## sköpun

Við lok 10. bekkjar getur nemandi verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika.

(Aðalnámskrá grunnskóla bls. 88)

## heilbrigði og velferð

Í skóla, sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til líftíðar.

(Aðalnámskrá grunnskóla bls. 21)

## Gengið á fjöll

Rúnar Már Jóhannsson 9. bekk Sjálandsskóla



„Mér finnst þemavinnan skemmtileg leið til þess að læra, vegna þess að það er verið að kenna svo marga hluti í einu. Sem dæmi get ég nefnt náttúrufræði, efnisfræði, fornleiffræði, stærðfræði og margt fleira. Stundum er vinnan erfið og stundum er hún létt, það fer bara eftir því hvað við erum að gera og læra.“

Við höfum unnið mörg skemmtileg þemaverkefni í vetur. Til dæmis lærðum við um sólfkerfið og stjörnurnar og gerðum líkón af þeim og kynningu.

Ég er líka mjög ánægður með útikennsluna. Í kajaktímanum förum við til dæmis út á sjó og lærum á kajak. Í útivistarvalinu lærum við hvernig á að klæðast fyrir útivist, tökum göngur og förum upp á fjöll. Það er gott að vera í Sjálandsskóla vegna þess að þetta er svo lítil skóli og allir eru góðir vinir og þekkjast vel. Það besta við skólann eru kennararnir og krakkarnir.“

## Opinn skóli

María Björg Fjölfnisdóttir 7. bekk Sjálandsskóla



„Sjálandsskóli er mjög opinn og það eru ekki venjulegar skólaföstudur í honum sem er mjög þægilegt. Útikennslan er svo tær sníll en hún er blanda af útveru og námi, mér finnst það mjög sniðugt.“

Útikennslan er fín tilbreyting frá hefðbundinni kennslu. Við gerum ýmsar tilraunir tengdar þema, búum stundum til hluti eins og flugdreka og vindhana, heimsækjum söfn og margt fleira.

Mér finnst þemavinnan mjög skemmtileg leið til að læra. Við gerum margt spennandi, bæði bóklegt og verklegt. Við vorum t.d. með veðurþema og gerðum margt sniðugt tengt veðri. Við vorum líka með efnafraeðipema; lærðum mikið um mismunandi efnablöndur, frumefni og efnasambönd og gerðum alls konar tilraunir tengdar því. Mér fannst þemað um mannslíkamann líka mjög áhugavert en þar lærðum við mikið um líkamann og hvernig hann virkar.“





# Áhersla á sjálfstæð vinnubrögð

Verkefnastýrt nám gefur góða raun í Raftækniskóla Tækniskólans í Reykjavík að sögn Valdemars G. Valdemarssonar skólustjóra.

„Við vildum breyta til; fækka fyrirlestur sem skila ekki alltaf tilætluðum árangri og byggja námið meira á vinnu nemenda,“ segir Valdemar G. Valdemarsson, skólustjóri Raftækniskólans, en þar var innleitt verkefnastýrt nám síðastliðið haust. „Nýju framhaldsskólalögin gáfu tóninn. Þau smella vel inn í okkar hugmyndafræði, við sáum tækifæri til þess að láta okkar drauma rætast og breyta kennsluháttum. Okkar mat er að hin nýja menntastefna sé framför og innleiði ný og verðmæt gildi fyrir skólastarfið.“

## „NÝJU FRAMHALDSSKÓLALÖGIN GÁFU TÓNINN; VIÐ SÁUM TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ LÁTA OKKAR DRAUMA RÆTAST OG BREYTA KENNSLUHÁTTUM.“

að ræða. Þannig fá nemendur þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum, mannlegum samskiptum og því að nýta sér netmiðla til að afla sér þekkingar.“

**Jákvætt hugarfar**  
Valdemar segir nemendur almennt ánægða með nýtt kennslufyrirkomulag skólans og þeim líði betur í opnu rými, og kennarar myndu ekki vilja hverfa aftur til gamla stofukerfisins. „Verkefnið hefur gengið ótrúlega vel og má þakka það opnum huga nemenda og dugnaði kennara og ósérhlífni; vilja allra til að mæta vandamálum með jákvæðu hugarfari og hugsu á lausnum.“

seinn af mörgum kostum verkefnastýrðs náms. „Þeir geta lokið því á skemmri tíma en námskrá segir til um og stundataflan verður að vinnudegi sem er sveigjanlegur og opinn í annan endann. Nemendur fá verkefnaáætlun í upphafi hverrar annar í stað kennsluáætlunar og höfuðáhersla er lögð á stutta en markvissa fyrirlestra og fræðslu. Nemendur geta sótt fyrirlestra á auglýstum tímum ef þeir kjósa, en þurfa þess ekki. Í raun má segja að verkefnastýrt nám skólans sé blanda af fjárnámi, vinnustaðanámi og háskólanámi.“

**Betri námsárangur**  
Ánægja nemenda Raftækniskólans með hið breytta fyrirkomulag endurspeglast bæði í einkunnum og kennslumati,

að sögn Valdemars. „Sem dæmi má nefna að tveir nemendahópar fengu kennslu í sama efni, annar með nýja fyrirkomulaginu, hinn með því gamla, og útkoman var að hópurinn sem var í verkefnastýrðu kerfi fékk heilum tveimur hærra í meðaleinkunum. Kennslumat, þar sem nemendur gefa kennurum einkun, hækkaði sömuleiðis úr meðaltalinu 4,0 upp í 4,3.“

Í þeim verkefnum sem verið er að endurvinnna við Raftækniskólann var lögð áhersla á að koma inn sem flestum þáttum sem snúa að lokamarkmiðum brautanna. Næsta skref verður að meta verkefnið út frá þekkingu, hæfni og leikni og þá um leið rýna í það hvernig við fléttum sex grunnþætti menntunar inn í verkefnið. Við höfum lagt áherslu á læsi, sjálfbærni og sköpun en teljum okkur geta gert betur í þeim efnum. Þessir þættir verða skoðaðir með sérstakri áherslu þegar vinna hefst við að endurskipuleggja grunnnám rafiðna, haustið 2013.“

## Tækniskólinn

### Betra að læra hratt

Hafdis María Kristinsdóttir, rafvirkjun



„Að hafa námið verkefnastýrt er mikill kostur að mínu mati og býr mig betur undir vinnumarkaðinn, því í rauninni skiptir það litlu máli hvað þú lærir mikið um fræðin ef þú getur svo ekki nýtt þér vitneskjuna þegar á þarf að halda. Svo eykur það sjálfstraustið mikið að vita hvað maður getur í rauninni gert. Þegar ég hef lokið verkefni einu sinni veit ég að ég get gert það aftur, verkefnið eru reyndar sem maður tekur með sér og tengir fræðin við raunveruleikann. Svo læri ég betur þegar ég veit af hverju ég þarf að vita hlutina. Að sjálfsögðu er það kostur að geta lært á sínum hraða, t.d. þykir mér betra að læra hratt, þá sé ég frekar heildarmyndina og þegar hún er komin verður allt skiljanlega fyrir mér. Þegar ég skil námsefnið verður auðveldara að muna; þáfangakalærdómur gleymist hratt en skilningurinn endist.“

### Skemmtilegt námsefni

Opíð rými í skólanum er betra að mörgu leyti en ekki öllu. Það er betri aðgangur að því sem þarf að nota; maður þarf ekki að rápa inn í stofur sem er kannski verið að kenna í til að leita að hlutum. Í opnu rými er mun betra loft og lýsing og auðveldara að grípa kennara, þó maður sé ekki í tíma. Helsti ókosturinn er að það getur verið erfiðara að einbeita sér þegar maður sér allt og heyrir allt. Ég hef aldrei verið í skemmtilegra námi. Kennararnir, námsefnið og bekkjarbræðurnir, það er allt skemmtilegt við skólann. Ég get ekki nýtt mér það að klára fyrr, ég þarf að vinna með skólanum því ég er ekki á námslunum. Ég útskrifast því vorið 2014 og tek svo sveinsprófið líklega eftir áramótin 2015. Mig langar líka til að taka háspennuvirkjun en veit ekki hvenær það verður.“

## Nemendur fá frjálsar hendur

Norman Jón Karlsson, rafeindavirkjun

„Mér finnst verkefnastýrt nám vera mjög góð og jákvæð breyting. Meirihluti þessa náms felst í því að við nemendurnir vinnum verkefni, líkt og nafnið gefur til kynna. Hver önn skiptist í þrjár lotur. Í lok hverrar lotu þarf maður að vera búinn með ákveðinn fjölda verkefna til þess að eiga kost á því að taka svokallað lotupróf og hefja næstu lotu með tilheyrandi verkefnum. Þessi lotuskipting annarinnar er að mínu mati mjög jákvæð, því hún hvetur meðal annars nemendur til að vinna jafnt og þétt. Það sem mér finnst vera best er frelsið til að stjórna á hvaða hraða og hvenær í lotunni ég vinn eitthvert verkefni. Það er líka frábært að geta alltaf fengið hjálp frá hvaða kennara sem er, auk þess að hafa ætíð aðgang að öllum nauðsynlegum verkfærum og efni við.“

### Auðvelt að fá hjálp

Að mínu mati er opíð rými mesti kostur nýja kerfisins. Þar sem flestir kennarar Raftækniskólans eru í salnum að kenna sitt fag er ávallt auðvelt að fá hjálp frá þeim, hvort sem þú ert í þeirra kennslustund eða ekki. Opna kennslurýmið býður einnig upp á mikið frelsi. Nemendur hafa algjört leyfi til að flakka um og fá hjálp hver frá öðrum, óháð því á hvaða önn þeir eru. Salurinn er einnig opinn til klukkan átta á kvöldin þannig að nemendur hafa kost á að vera lengur í skólanum með fullan aðgang að öllu því sem þarf til að ljúka við verkefni sín og er það mikill kostur. Ég hef ákveðið að bæta við stúdentsprófi að loknu sveinsprófi svo ég verð tvær annir til viðbótar og mun útskrifast á haustönn 2014. Að því loknu hyggst ég hefja nám í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík.“



Ingibjörg Axelsdóttir t.v. og Björk Þorgeirsdóttir: „Hlutverk skólans er ekki sist að búa nemendur undir að takast á við þau verkefni sem biða þeirra í flóknu samfélagi nútímans.“

# Markmiðin skýrari

Ný menntastefna er jákvætt skref að mati Ingibjargar Axelsdóttur og Bjarkar Þorgeirsdóttur, kennara við Kvinnaskólann í Reykjavík.

„Það sem er jákvæðast við innleiðingu nýrrar menntastefnu er að þetta er kjörið tækifæri til þess að skoða skólastarfið í heild, skipuleggja það alveg upp á nýtt og skapa skólanum sérstöðu,“ segja þær Ingibjörg Axelsdóttir, íslenskukennari og þróunarstjóri, og Björk Þorgeirsdóttir, félagsgreinakennari og brautarstjóri við Kvinnaskólann í Reykjavík. „Í því felst samt ekki að öllu gömlu sé hent því það sem hefur gengið vel og skilað góðum árangri

næringarþættinum í vetur og hafa ýmsar umbætur verið gerðar á mótuneyti skólans í því augnamiði að bjóða upp á hollara og næringarríkara fæði. Sjálfbærnihöpurinn hefur verið að huga að vistvænum innkaupum og minni pappírnotkun en einnig hefur hann hvatt starfshól og nemendur til þess að taka þátt í fjólað í vinnuna og Lífshlaupinu svo eitthvað sé nefnt. Umhverfisnefnd skólans stóð fyrir umhverfisdegi á

## „TIL ÞESS VERÐA ÞEIR AÐ BÚA YFIR ÞEKINGU Á ÓLÍKUM SVIÐUM, HAFU TIL AÐ BERA LEIKNI TIL AÐ NÝTA SÉR HANA OG HÆFNI TIL ÞESS AÐ TAKAST Á VIÐ NÝ VIÐFANGSEFNI OG AÐSTÆÐUR.“

er notað áfram þótt kennsluáðferðirnar breytist með nýjum áherslum. Markmiðin eru skýrari og fjölþættari og eitt af þeim er að nýta tíma nemenda betur en áður. Minni áhersla er á endurtekningar þar sem skipulagið tekur mið af hæfni nemenda úr grunnskóla. Vinna nemendanna er í forgrunni í öllu námsskipulaginu og einingarnar reiknaðar út frá vinnuframlagi þeirra. Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér að nemendurnir verða yfirleitt virkari og vinnusamari í náminu. Vonandi skilar þetta vinnulag sér í aukinni hæfni nemendanna til að takast á við verkefni framtíðarinnar, bæði í frekara námi og vinnu.“

haustönn þar sem allir nemendur fengu fræðslu um umhverfismál og tóku svo þátt í tyggjöhreinsunarátaki og ljósmyndamarþöni í kjölfarið. Nefndin vann einnig að því að sækja um græn-fánann sem skólinn hefur flaggað síðan í haust. Jafnréttishópurinn hefur samið jafnréttisáætlun sem fylgt er eftir með

### Jafnrétti og sjálfbærni

þær benda á að grunnþættirnir séu hluti af náminu í skólanum en ekki síður leiðarljós í skólastarfinu öllu. „Innleiðing þeirra er langtímamarkmið og þeir eru í rauninni í stöðugri skoðun. Við skipulagningu og þróun námsbrauta skólans hefur þess verið gætt að fjallað sé um alla þessa þætti í kjarnaáföngum brautanna eftir því sem við á en grunnþættirnir eru ekki einungis hluti af námsefninu, þeir eiga líka að einkenna allt skólastarfið. Í skólanum hefur sú leið verið farin að mynda starfshópa um suma þessara þátta og þar vinna starfsmenn og nemendur hlið við hlið að ákveðnum grunnþáttum. Sem dæmi um slíka hópa má nefna umhverfis-hóp, stýrihóp um heilsuefandi skóla, sjálfbærnihóp og jafnréttishóp. Starf þessara hópa er mislangt á veg komið en þess sér samt víða stað í skólastarfinu. Til að mynda hefur hópurinn sem vinnur að heilsuefandi skóla einbeitt sér að

haustönn þar sem allir nemendur fengu fræðslu um umhverfismál og tóku svo þátt í tyggjöhreinsunarátaki og ljósmyndamarþöni í kjölfarið. Nefndin vann einnig að því að sækja um græn-fánann sem skólinn hefur flaggað síðan í haust. Jafnréttishópurinn hefur samið jafnréttisáætlun sem fylgt er eftir með

### Sveigjanlegur námstími

Kvinnaskólinn er að sögn Bjarkar og Ingibjargar bóknaðsskóli með bekkjakerfi sem hefur það að markmiði að gott samræmi sé á milli vinnuframlags nemenda og áunninna eininga. Í nýja kerfinu sé námstíminn sveigjanlegur, þrátt fyrir bekkjakerfið. Hver nemandi ákveði námstíma sinn sjálfur og velji hvort hann vilji vera þrjú ár, þrjú og hálf eða fjögur ár. „Ástæðurnar fyrir lengri námstíma geta verið ýmiss konar, t.d. getur nemandinn verið í timafreku listnámi, á kafi í íþróttum eða jafnvel viljað fara hægar yfir vegna þess að hann vill ætla sér tíma til að taka mikinn þátt í félagslífinu. Allir áfangar skólans eru skilgreindir út frá þeirri hæfni sem nemandinn á að hafa öðlast í lok þeirra. Þessi hæfniviðmið móta kennsluáðferðirnar þar sem lögð er áhersla á virkni nemendanna og miðað að því að gera þá sjálfstæðari og meðvitaðri um þá hæfni sem þeir búa yfir. Hlutverk skólans er ekki sist að búa nemendur undir að takast á við þau verkefni sem biða þeirra í flóknu samfélagi nútímans. Til þess verða þeir að búa yfir þekkingu á ólíkum sviðum, hafa til að bera leikni til að nýta sér hana og hæfni til þess að takast á við ný viðfangsefni og aðstæður.“

## Kvinnaskólinn í Reykjavík

### Nám miðað út frá getu

Eggert Arason, náttúruvísindabraut

„Einn kosturinn við að geta ráðið náms-hraðanum er að nú held ég að fólk fari að miða nám sitt út frá getu og áhuga, frekar en aldri sem er miklu eðlilegra. Það þurfa ekki allir að vera samtaka. Ég klára í vor, á þremur árum, þessi námshraði hentaði mér vel. Ég mun samt biða með háskólanám í eitt ár því ég vil ferðast og hvíla mig á hefðbundnu námi. Síðan reikna ég með að fara í Háskóla Íslands að ári líðnu. Nýja kerfið hentar krökkum sem fara út í skiptinám. Valfögin í Kvinnó eru mörg alveg frábær en þó mætti auka fjölbreytni. Það besta við Kvinnó eru yndislegir kennarar, gott félagslíf, bekkjakerfi, þæglileg staðsetning og frábær stemning.“



## Gott að klára snemma

Rut Guðnadóttir, hugvísindabraut



„Það er sniðugt að hafa smá bland af öllum brautum í hverjum kjarna því það eru ákveðin undirstöðuatriði sem allir þurfa að hafa, þó svo að það sé ekki endilega eitthvað sem mann dauðlangar að læra. Umræðutímar með virkri þátttöku nemenda eru æðislegir en maður tekur sjaldnast glósur úr þannig tímum svo það er erfiðt að undirbúa sig undir próf. Persónulega finnst mér langskemmtilegustu verkefni þau sem tengjast því að skrifa hvað mér finnst, eins og í kynja- og fjölmiðlafræði. Valfögin eru mjög góð og ég hvet alla til að velja kynjafræðina, það er frábær áfangi.“

Ef þú veist hvað þú vilt er gott að geta valið að klára snemma, á þremur árum. Þriggja árið námið hentar mér t.d., ég ætla beint í háskóla, líklega í félagsfræði, með ritlist sem aukagrein.“

## Fjölbreytni í kennslu

Þórunn Ólafsdóttir, félagsvísindabraut

„Það hentar alls ekki alltaf öllum það sama, því er gott að geta ráðið námshraðanum. Ef maður útskrifast á þremur árum getur maður nýtt eitt ár í t.d. ferðalög eða unnið og safnað pening en samt byrjað í háskóla á sama tíma og jafnaldrarnir, eða bara byrjað fyrr í háskólanum. Valfögin gera manni kleift bæði að stjórna hraðanum og taka þá áfanga sem gætu undirbúið mann best fyrir nám eftir Kvinnó. Það er mikið af símansáfangum í kerfinu þannig að álagið er nokkuð jafnt í gegnum önnina og færri lokapróf til þess að stressa sig yfir. Það er mikil fjölbreytni í kennsluháttum; við fáum að gera rannsóknir og vinna með raunveruleg mál eins og t.d. í sálfræði. Margir áfangar bjóða líka upp á fyrirlestra, t.d. á vegum háskólans og ýmissa samtaka, sem oft eru mjög áhugaverðir og góður undirbúningur fyrir háskólann. Ég útskrifast í vor og stefni á að fara í háskóla næsta haust; ég held að maður komi vel undirbúinn úr Kvinnó.“



## sjálfbærni

Lykillhæfni felur m.a. í sér að nemandi er meðvitaður um margvíslegar auðlindir náttúrunnar og getur tekið afstöðu til skynsamlegrar nýtingar þeirra.

(Aðalnámskrá framhaldsskóla bls. 35)

## jafnrétti

Lykillhæfni felur m.a. í sér að nemandi er meðvitaður og gagnrýninn á áhrif fyrirmynnda og staðalmynda á eigin ímynd og lífsstíl.

(Aðalnámskrá framhaldsskóla bls. 34)







*Ketill B. Magnússon: „Þetta eru umfangsmiklar breytingar sem eru að mörgu leyti ólíkar því sem foreldrarnir vöndust þegar þeir voru í skóla.“*

## Tímamót í skólastarfi

Ný menntastefna er nútímaleg og lýðræðisleg að mati Ketils B. Magnússonar, formanns Heimilis og skóla.

„Ég tel að hæfniviðmiðin muni skapa mestu og mikilvægustu breytingu þessarar nýju skólastefnu í skólastarfi á Íslandi,“ segir Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra. „Þetta er ný hugsun sem mikilvægt er að kennarar og foreldrar tileinki sér. Ég held að breytingin verði nemendum til hagsbóta. Þeir munu betur skilja til hvers er ætlast af þeim í náminu og foreldrar ættu að geta stutt betur við börnin sín í námi, vegna þess að nú verður ljóst hvaða hæfni er ætlast til að nemendur nái valdi á hvert skólaár.“

Hann segir nýja menntastefnu yfirvalda að mörgu leyti vera mjög góða. „Í fyrsta lagi kemur þar fram skýr sýn á að markmið náms á að vera að undirbúa nemendur undir lífið. Í öðru lagi eru áherslur menntastefnunnar á innihald náms uppbyggjandi, nútímalegar og lýðræðislegar. Í þriðja lagi má ætla að nýtt námsmat muni stuðla að fjölbreyttum kennsluáferðum og áherslan á hæfni nemenda fremur en stöðluð próf er af hinu góða. Þá er ég ánægður með að ný menntastefna leggur áherslu á samþættingu skólastiga og samfellu í skólastarfi svo nemendur og foreldrar ættu að hafa heildstæðari mynd af því hvað nemendum stendur til boða.“

**Gagnrýnin hugsun og siðfræði**  
Ketill telur grunnþættina sex vera góð meginstef fyrir nám framtíðarinnar og tengjast markmiðunum um að undirbúa nemendur fyrir lífið. Grunnþættirnir gefi skólum, nemendum og foreldrum að hans mati skýrar upplýsingar um hvert inntak náms eigi að vera. „Þeir verða rauður þráður í gegnum allt skólastarfið og er ætlað að endurspeglast í öllum greinum og allri kennslu. Á sama tíma eru grunnþættirnir almenn viðmið sem gefa skólum

„ÉG HELD AÐ BREYTINGIN VERÐI NEMENDUM TIL HAGSBÓTA. ÞEIR MUNU BETUR SKILJA TIL HVERS ER ÆTLAST AF ÞEIM Í NÁMINU OG FORELDRAR ÆTTU AÐ GETA STUTT BETUR VIÐ BÖRNIN SÍN Í NÁMI.“

og kennurum svigrúm til að skapa sér sérstöðu og móta skólastarfið á sinn hátt.

Áherslan á læsi í viðum skilningi þess orðs tryggir að nemendur megi búast við að geta meðtekið upplýsingar á ýmsu formi og með ýmsum miðlum að námi loknu. Áherslan á gagnrýna hugsun, jafnrétti, siðfræði, sjálfbærni, velferð og heilbrigði er nútímaleg og gefur nemendum og foreldrum þeirra vísbendingu um að þeir muni læra að verða virkir samfélagsþegnar sem taki ábyrgð ákvarðanir í framtíðinni.“

Aðspurður segir hann nýja námsmatsaðferð við lok grunnskóla eflaust eiga eftir að skapa mikla umræðu. Ágæti þessa velti á framkvæmdinni og hvernig til takist í samstarfi grunn- og framhaldsskólanna við flutning nemenda milli skólastiga.

„Heimili og skóli telja afar mikilvægt að foreldrar verði vel upplýstir um nýja menntastefnu, aðalnámskrá og skólanámskrár í skólum barna sinna. Við erum að tala hér um tímamót í skólastarfi á Íslandi þar sem verið er að stokka upp skipulag menntunar í landinu. Þetta mál er ekki síður mikilvægt en ný stjórnarskrá. Þetta eru umfangsmiklar breytingar sem eru að mörgu leyti ólíkar því sem foreldrarnir vöndust þegar þeir voru í skóla.“

**Fræðslufundur með foreldrum**  
Því er það ábyrgð hvers foreldris að kynna sér vel nýja menntastefnu svo þeir viti hvers börn þeirra megi vænta í skólanum, en einnig svo foreldrar geti sinnt skyldum

sínum við að styðja við nám barnsins. Í ár munu Heimili og skóli, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, standa fyrir fræðslufundum fyrir foreldra víðs vegar um landið og við munum hvetja foreldrafélög í hverjum skóla til að yta á eftir fræðslu fyrir foreldra um nýja menntastefnu. Foreldrar munu einnig gegna mikilvægu neytendahlutverki í skólum landsins og yta þannig á að innleiðing menntastefnunnar heppnist vel.

Heimili og skóli hafa helst áhyggjur af því hvernig fylgst verður með árangri við innleiðingu nýrrar menntastefnu í skólum landsins, bæði tímasetningum og

## Aðalnámskrá – skólanámskrá

- Aðalnámskrá birtir menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur og ber skólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólastarfs.
- Aðalnámskrá á að tryggja börnum og ungmönnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu.
- Aðalnámskrá veitir nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um gæðakerfi og helstu viðmið sem starfsemi skóla byggist á.
- Aðalnámskrá markar starfsramma einstakra skóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi.
- Hver skóli útfærir kröfur aðalnámskrár í samræmi við hlutverk sitt og stefnu.
- Sérhver skóli skal gefa út skólanámskrá. Hún er unnin af starfsfólki skólans undir stjórn skólastjóra/skólameistara. Í henni er fjallað um stefnu skólans, umgjörð skólastarfsins og skipulag kennslu. Þar eru einnig birtar verklagsreglur og áætlanir. Skólanámskráin skal birt á aðgengilegan hátt, s.s. á vef skóla.

gæðum innleiðingarinnar, og því hvernig fylgst verður með gæðum í skólastarfinu í framhaldinu. Umfangsmiklar kerfisbreytingar þarf að mæla vel svo segja megi til um hvort breytingin auki gæði íslenska skólakerfisins. Við höfum ýmis alþjóðleg viðmið um gæði í skólastarfi sem styðjast má við, en það þarf líka að bera saman starf milli sveitarfélaga og milli einstakra skóla. Þetta eru mikilvægar upplýsingar fyrir foreldra og nemendur skólanna.“

Sjá nánar um nýjar aðalnámskrár:  
[www.namtilframtidar.is](http://www.namtilframtidar.is)



## NÝJAR NÁMSBRAUTALÝSINGAR

- Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 færast ábyrgð á námskrágerð í auknum mæli til framhaldsskólanna.
- Allir framhaldsskólar landsins vinna að því að endurskipuleggja námsbrautir sínar og semja nýjar áfangalýsingar.
- Framhaldsskólarnir hafa aðlögunartíma til ársins 2015 til að breyta námsframboði og skipulagi í takt við kröfur nýrrar námskrár.

